

**Nd.**

### **217. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Veganefndin hefur rætt á nokkrum fundum þau tvö frumvörp, er henni voru fengin til meðferðar. Þau eru á þgsk. 37. og 49.

Nefndarmenn urðu eigi á eitt mál sáttir um það, hverjir skyldi halda við slíkum vegum, er frv. á þgsk. 37 getur um. Mun minni hluti lýsa sinni skoðun á því máli.

Þess verður að geta, að nefndin átti tal við verkfræðing landsins um viðhald á vegum. Vildi hann alls engar breytingar gera, og taldi rjettast, að sýslurnar beri kostnað af viðhaldi slíkra vega, sem er Flóavegurinn, og vegurinn um Holtin, en vor-kendi þó Rangæingum að eiga að halda við svo ljelegum vegi sem Holtavegurinn er. Meiri hluti nefndarinnar varð á einu máli um það, að vera mundi sanni næst, að landssjóður hjeldi við öllum vegum, sem væri viðskiftaæðar milli hjeraða og landsfjórðunga. Enn voru menn sammála um það, að flutningabrautin frá Ingólfssfelli austur eftir væri flestum vegum fremur viðskiftaæð milli landsfjórðunga, en eigi duldist mönnum, að eins stæði á víðar. Þess vegna vildu nokkrir setja í lögina algilda reglu um, að iandssjóður hjeldi við öllum þjóðvegum milli hjeraða og landsfjórðunga. Þó urðu þeir fleiri, sem vildu nefna til nokkra ákveðna vegi að þessu sinni, en töldu sjálfsgæta, að þar mundi allir sams konar vegir eftir fara. Þessa vegi töldu menn sjálfsgæta: Árnesinga- og Rangæinga-braut, vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms og Fagradalsbrautin.

Meiri hluti nefndarinnar taldi og fram eiga að ganga tillöguna um flutningabraut frá Búðardal til Borðeyrar. Þótti mönnum auðsætt, að hjer mundi vera fram-tíðarvegur milli Norðurlands og suð-vestur-hluta landsins. Þótti mönnum þetta og horfa til hins mesta gagns fyrir Húvetninga og Strandamenn engu síður en fyrir Dalamenn. Heldur tvent til þess. Fyrst það, að með því einu móti væri fært að hafa góða báta til vöruflutninga og manna um Breiðafjörð og Húnaflóa. Og þá hitt, að í ísárum er þessi leið styst og hentugust til vöruflutninga til Norðurlands, og mörg-um manni mundi sú braut hafa komið að haldi 1882.

Nefndin varð öll á því, að breyta þjóðvegarstefnunni í Dalasýslu með þeim hætti, sem lagt er til á þgsk. 49. Um það atriði bærust nefndinni brjef og skeyti frá sýslunefnd Dalasýslu, stjórnarráðinu og verkfræðingi landsins, fylgiskjal I. og II. og III.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að samþykkt verði frumvarpið á þgsk. 37 með þeim breytingum, sem nefndin leggur til.

Alþingi 24. júlí 1914.

Sigurður Sigurðsson,  
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
skrifari.

Eggert Pálsson.

Sigurður Gunnarsson.

Einar Jónsson.

Þórarinn Benediktsson,  
með fyrirvara.

### Fylgiskjal I.

#### S Í M S K E Y T I til Stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.

Harrastaðir 17/7 1914.

Sýslunefndin skorar á Alþingi, að breyta svo vegalögunum, að þjóðvegurinn, sem liggur nú um Hjarðarholt, verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel, sem er milli Saura og Sauðhúsa, um brúna á Laxá og Búðardal og þaðan svokallað Land fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð. Rjettan útdrátt úr gjörðabók sýslunefndar Dalasýslu aukafundi 22. júní 1914 vottast.

Sýslumaður Dalasýslu.

### Fylgiskjal II.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík. 18. júlí 1914.

Mjer hefur borist frá hinu háa Stjórnarráði eftirrit af ályktun sýslunefndar Dalasýslu frá fundi hennar 22. júní 1914, þar sem skorað er á Alþingi að breyta svo vegalögunum, að þjóðvegurinn, sem liggur nú um Hjarðarholt, verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel, sem er milli Saura og Sauðhúsa, um brúna á Laxá og Búðardal, og þaðan um svokallað Land fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð.

Út af þessu skal jeg virðingarfylst leyfa mjer að upplýsa, að ályktunin fer fram á, að flytja úr stað þjóðveginn á 10 km. löngum kafla, og af þessum 10 km. teljast nú 4,9 km. að vera upphleyptur vegur, en sumt af því (um 2,2 km.) er gamall vegur og fremur ljelegur. Á þessum 10 km. kafla liggur Laxá, sem er allstórt vatnsfall, og er ekki brúuð á hinum núverandi þjóðvegi. Leið sú, sem sýslunefndin fer fram á, að verði gerð að þjóðvegi, er sem næst

janlönng og áðurnefndur þjóðvegarkaffi; á þeirri leið er trjebur á Laxá, gömul nokkuð og þarfnast bráðrar viðgerðar; nokkur hluti þessa vegar er sýsluvegur, og munu um 3 km. af honum mega teljast í því ástandi, að viðunanlegt sje með smáviðgerðum, en um 7 km. er algerð vegleysa — frá Búðardal norður undir Fáskrúð — og mun þurfa að gera veg á þeim kafla.

Það, sem einkum mælir með breytingunni á þjóðveginum er það, að ef hann liggur um Búðardal, kemur hann héraðinu að beinum notum sem flutningavegur í báðar áttir frá kaup-túni sýslunnar; enn fremur er Laxá of stórt vatnsfall til þess að vera óbrúuð á þjóðveginum til langframa, en hins vegar getur ekki komið til mála að setja nýja brú á hana svo nálægt hinni núverandi brú, sem þjóðvegurinn liggur.

Á móti breytingunni mælir það helst, að hún hefur nokkurn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Nokkuð af þeim kostnaði, einkum endurbygging brúarinnar á Laxá, mundi lenda á sýslusjóði Dalasýslu, ef þjóðveginum yrði ekki breytt, en nokkuð, einkum vegarlagningin frá Búðardal að Fáskrúð, mundi að líkindum dragast lengi, vegna þess, að sýslan mundi líklega ekki treystast til að leggja í hana, þótt hennar sje mikil þörf.

Með því að þjóðvegurinn þannig kemur héraðinu að miklu meiri notum með því að liggja um Búðardal, og með því að kostnaður sá, sem breytingin hefir í för með sér fyrir lands-sjóð, verður lagður í þarflegar vegabætur, leyfi jeg mér að mæla sem best með því, að mála-leitun sýslunefndarinnar verði tekin til greina nú þegar á yfirstandandi Alþingi, þannig að í 3. gr. 2. laga um vegi frá 22. nóv. 1907 falli burt orðið Hjarðarholt, og í þess stað komi „Búðar-dal“. Að taka hin önnur örnefni, sem greinir í sýslunefndargjörðinni, upp í vegalögin, er óþarft, því að öll tilfærsla vegarins ákvarðast af þessari einu breytingu, og slík nákvæm lýsing, með upptöku örnefna, sem ekki einu sinni finnast á landsuppdráttum herforingjaráðsins, og engir þekkja nema nákvæmugir menn, er ekki í samræmi við þá reglu, sem annars er fylgt í vegalögnum að því er ákvörðun þjóðveganna snertir.

Með því að póstaðgreiðsla er nú í Hjarðarholti, og óvíst að hentugt þyki að flytja hana þaðan að svo stöddu, verður pósturinn máské látinn fara eftir hinum gamla þjóðvegi fyrst um sinn; einnig af öðrum ástæðum er það æskilegt, að hinn núverandi þjóðvegur verði ekki látinn fara í algerða vanhírðu, og virðist mér sanngjarnt, að heimtað sje, að sýslunefnd Dalasýslu taki hann í tölu sýsluvega í notum þess ljettis, sem sýslusjóðurinn verður fyrir við breytinguna að öðru leyti. Mætti annaðhvort setja það ákvæði um breytinguna, að hún gengi þá í gildi, er sýslunefndin hefði tekið hinn eldri þjóðvegarkaffa í tölu sýsluvega, eða láta koma fram í nefndaráliti eða á annan hátt, að til þess væri ætlast, að hinn eldri þjóðvegur yrði tekinn í tölu sýsluvega.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands,

### Fylgiskjal III.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 20. júlí 1914.

Með tilvísun til þingskjals 49, frumvarps til laga um breyting á vegalögum, skal hinni háttvirtu nefnd sent hjálagt símskeyti frá sýslumanninum í Dalasýslu frá 17. þ. m. og brjef verkfræðings landsins, dags. 18. þ. m., viðvíkjandi breyting á þjóðveginum í Dalasýslu, og skal þess jafnframt getið, að stjórnarráðið eftir atvikum getur fallist á álit og tillögur landsverkfræðingsins í þessu máli.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Til

vegalaganefndar neðri deildar alþingis